

5. ágúst 2009

Sáttargerð vegna brots á 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti.

Þann 24. mars 2009 gerðu Fjármálaeftirlitið og Sparisjóður Mýrasýslu með sér sátt vegna brots Sparisjóðs Mýrasýslu á 122. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst Sparisjóður Mýrasýslu, sem útgefandi skráðra fjármálagerninga, við því að hafa brotið gegn 122. gr. vvl. með því að hafa hvorki birt upplýsingar um slæma stöðu sjóðsins sumarið 2008 þegar í stað sbr. 1. mgr. 122. gr., né uppfyllt skilyrði 3. mgr. 122. gr. um frestun slíkra upplýsinga.

Í 122. gr. vvl. er kveðið á um skyldu útgefanda fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði að tilkynna þegar í stað allar þær innherjaupplýsingar sem varða hann til viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar.

Samkvæmt 3. mgr. 122. gr. vvl. er útgefanda fjármálagernings á eigin ábyrgð heimilt að fresta birtingu upplýsinga skv. 1. mgr. til að vernda lögmæta hagsmuni útgefandans, svo framarlega sem frestunin er ekki líkleg til að villa um fyrir almenningi og útgefandi getur tryggt trúnað um upplýsingarnar eins og kveðið er á um í reglugerð skv. 131. gr. vvl.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var það mat Fjármálaeftirlitsins að fjárhæð sáttarinnar væri hæfilega ákveðin kr. 2.000.000,-.